

Fundargerð

Framkvæmdahópur Lífsgæðaseturs St. Jó.

Staður: Lífsgæðasetur St. Jó.

Tími: 16. september kl. 12:00

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Helga Stefánsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir og Ragnheiður Agnarsdóttir.

1. Staða framkvæmd

Framkvæmdir við múr og málningu ganga vel og eru í öllum megin dráttum innan tíma- og kostnaðaráætlana. Tilkynnt hefur verið um nokkur minniháttar aukaverk og lok framkvæmda gætu dregist um 1-2 vikur. Verkefnisstjóri lýsti yfir ánægju sinni með skipulagsþátt framkvæmdanna þ.e. að STH teiknistofan (Victor) hafi haft eftirlit með verkinu, haldið reglulega verkfundi og sent upplýsingar um aukaverk til samþykktar. Verkefnisstjóri lagði til að næstu verkhlutar í framkvæmdum við húsið yrðu unnir með samskonar skipulagi enda hafi það gefist vel til þess að tíma- og kostnaðarstýra framkvæmdum.

- Staða á öðrum málum í framkvæmdum
 - Handrið í stigahúsi. Framkvæmdum er lokið.
 - Brunastigi. Verið er að smíða brunastiga. Áætlað er að hann verði settur upp um mánaðamótin sept. okt.
 - Tröppur. Uppsteypun á tröppum Suðurgötu megin lokið. Frágangur á lóð hefst í næstu viku.
 - Brunamál- hurðir/pumpur. Brunahurðir inn á hæðir eru í endurhönnun. Tafir verða á því verki. Áætlað að því ljúki um mánaðarmótin okt./nóv.
- Áætlað er að undirbúa framkvæmdir á 4 hæðinni í vetur þ.e. hönnun og gerð útboðsgagna. Beðið er eftir tilboði í þá vinnu.
- Áætlað er að framhald framkvæmda verður fjármagnaðar með láni þannig að ekki verður áætlað fé til hússins á fjárhagsáætlun bæjarins 2021 eins er allur rekstur hússins fjármagnaður af leigutekjum af lið 13-.

2. Samskipti við leigutaka

Samskipti við leigutaka ganga almennt vel. Haldin var fundur með Jógahúsinu vegna framkvæmda á 4. hæð og gekk hann vel. Stefnt er að því að halda fundi með hverjum leigutaka fyrir sig á næstu vikum.

3. Fjármögnun frekari framkvæmda

Verkefnisstjóri lagði fram samantekt vegna óska um tilboð í lánakjör til frekari framkvæmda við St. Jó. Húsið er veðbandalaust og ætti því að vera um 200 m.kr. veðrými á húsinu í dag sem gætu nýst til þess að ljúka framkvæmdum við 4. hæð og jarðhæð. Verkefnisstjóri óskaði eftir umboði framkvæmdahópsins til þess að leita tilboða hjá lánastofnunum í lánakjör. Var það samþykkt.

Verkefnisstjóri upplýsti um fund með lögfræðingum PWC um hvort að einhverjar hindranir væru í vegi fyrir því að stofna ehf. félag um rekstur St. Jó og flytja húseignina sem eigið fé inn í félagið. Niðurstaða þess samtals var sú að ekkert væri því til fyrirstöðu að þeirra mati. Kostnaður væri hins vegar einhver þar sem þyrfti að greiða stimpligjöld af afsali þegar húseignin yrði færð inn í félagið. Tekin verður ákvörðun um félagiform þegar viðbrögð frá lánastofnunum liggja fyrir þar sem ehf. formið gæti haft neikvæð áhrif á lánskjör.

Fundi slitið kl. 12:55